

TILLAGA AÐ NÝJU MERKI ÞRÓTTAR



Knattspyrnufélagið Þróttur var stofnað þann 5.ágúst 1949 í gömlum herbragga við Ægisíðu. Árið 1969 flutti félagið svo í austurborgina og var við Sæviðarsundið til ársins 1998 þar til það flutti í hjartað í Reykjavík - sjálfan Laugardalinn þar sem það hefur starfað síðan og vaxið og dafnað.

MERKI ÞRÓTTAR



um 1950

Handteiknað af tengdasyni Halldórs fíksala. Þetta er tölvuteiknuð endurgerð sem var útbúin í tilefni af 70 ára afmæli félagsins 2019.

fannst ekki ártal

Sennilega undanfari næstu tveggja merkja.

1956

Þessi útgáfa er notuð í félagsskírteini sem er merkt 1956.

1966

Þessi útgáfa er notuð í riti sem er merkt 1966.

um 1980

Teiknað af Gunna Bald.

Að ráðast í það verk að vinna að nýju merki fyrir íþróttafélag er ekki auðveld ákvörðun enda eru iðkendur og stuðningsfólk yfirleitt mjög tengdir sínu merki og vilja lítið láta hrófla við því. Því er nauðsynlegt að taka tillit til sögu félags og virða hana í svona vinnu en um leið að muna að tímarnir breytast og við mennirnir með og með tilkomu nýrra miðla þá breytist notkun merkja og það hvernig unnið er með þau.

Þróttur hefur ekki átt ólík merki í gegnum tíðina ef frá er talið fyrsta merkið heldur hefur þetta verið þróun á svipuðu konsepti. Áhugaverðast er kannski að um tíma var merkið gult og svart og einnig voru varabúningar lengi gulir og svart röndóttir. Núverandi merki hefur verið við líði í rúm fjórtíu ár sem er meir en helmingur af sögu félagsins og er það mjög einkennandi með sínum rauðu og hvítu röndóttu línunum, stóru Kp og bolta fyrir miðju skjaldamerkis.

BRIEF



Í dag þykir KP í miðju merkis ekki segja alla söguna þar sem félagið gengur í daglegu tali einungis undir nafninu 'Próttur'; iðkendur spila fyrir 'Prótt', nafnið 'Próttur' stendur ávallt á stígaöflum og Köttarar kalla 'lifi Próttur' og var það því ein helsta ástæða þess að farið var í þessa vinnu.

Lagt var upp með að taka stafina tvo (KP) út úr merkinu og koma fyrir nafninu 'Próttur' sem og að einfalda og nútímavæða merkið að þeim miðlum sem þarf að nota það á þannig að notkun þess verði auðveld og ávallt sem réttust.

UPPBYGGING AÐ NÝJU MERKI





Merkið allt hefur verið einfaldað - fyrst af öllu má sjá að litavalið er einungis rauður og hvítur og sækir það beint í rauðu og hvítu röndóttu aðalbúninga félagsins. Það eru engar rendur í merkinu lengur sem einfaldar alla notkun þess. Skjöldurinn hefur verið endurteiknaður og í miðju hans má sjá bolta sem byggir á fyrri bolta. Í kringum boltann má sjá miðju sams konar og er á fótboltavöllum

en um leið er þarna líka stórt Þ hægra megin í skildinum sem stendur fyrir Þrótt. Fyrir lengra komna þá sækir það form einnig í útlínur bragga sem er þá á hlið og þar er sótt í það að félagið var stofnað í herbragga!

Heiti félagsins 'Þróttur' er nú orðið hluti af merkinu og situr ofan á skildinum í auðlæsu, kraftmiklu og tímalausum letri.



Aðalútgáfa merkisins er rauð og hvít og skal ávallt leitast við að nota þá útgáfu. Einnig eru til svört og hvít útgáfa af merkinu sem henta t.d. vel til merkinga þegar einungis er hægt eða hagstæðara að nota einn lit.

MERKI Í NOTKUN
aðaltreyja knattspyrna



MERKI Í NOTKUN

Æfingagallar / ferðafatnaður



MERKI Í NOTKUN

Jako peysur



MERKI Í NOTKUN

'Merch'



MERKI Í NOTKUN

'Merch'



MERKI Í NOTKUN

Fánar

